



Alþingi

Erindi nr. Þ 1201/1524

komudagur 17/4 1996

Til efnahags- og
viðskiptanefndar Alþingis

Reykjavík 17. apríl 1996

Umsögn miðstjórnar Alþýðusambands Íslands um frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins

Alþýðusamband Íslands hefur haft til skoðunar frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins (starfsmannalögin). Það er skoðun ASÍ að óeðlilegt sé að Alþingi geri breytingar á lögum um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna án þess að fyrir liggi samkomulag við samtök þess fólks sem undir lögin heyrir. Það er því krafa ASÍ að frumvarp þetta verði tekið af dagskrá þingsins svo ráðrúm gefist til að hafa eðlilegt samráð um fyrirhugaðar lagabreytingar við samtök launafólks. Hvað þær breytingar snertir sem fyrirhugaðar eru á réttarstöðu þeirra sem núgildandi starfsmannalög nr. 38/1954 taka til verður slíkt samráð fyrst og fremst að snúa að samtökum opinberra starfsmanna. Rétt er að benda á að með lagafrumvarpinu er ráðgerð sú breyting frá gildandi lögum að starfsmannalögin nái einnig til félagsmanna stéttarféлага innan ASÍ sem ráðnir eru til starfa hjá ríkinu. Hvað þá hugmynd varðar er auðvitað ljóst að ASÍ verður að vera aðili að samráði um gerð frumvarps sem með þeim hætti kæmi til með að snerta stóra hópa innan samningssviðs Alþýðusambandsins.

Miðstjórn ASÍ mótmælir þeim vinnubrögðum stjórnvalda að láta smíða frumvarp sem ætlað er að hafa bein áhrif á ráðningarkjör félagsmanna aðildarféлага sambandsins án þess að nein tilraun hafi verið gerð til samráðs við samtökin fyrr en nú að frumvarpið er fram komið, fullbúið.

Allt kjarumhverfi ríkisstarfsmanna stendur í nánum tengslum við starfsmannalögin. Lögin eru mikilvæg forsenda kjarasamninganna. Þannig eru í kjarasamningum ríkisstarfsmanna engin ákvæði um uppsagnarfrest eða starfslok heldur er þar vísað til lagareglna um þessi atriði. Ráðningarréttindi ríkisstarfsmanna eru því að verulegu leyti bundin ákvæðum laganna.

Réttindi þau sem ríkisstarfsmenn njóta samkvæmt starfsmannalögunum eru því hluti af ráðningarkjörum þeirra. Slíkum ráðningarkjörum á ríkisvaldið ekki að breyta einhliða og án samráðs við samtök starfsmanna sinna. Slíkt er ósiðlegt og óskynsamlegt. Slíkt er að auki til þess fallið að skapa ólgu og átök á samningssviðinu og er ekki farsælt innlegg í þær tilraunir sem staðið hafa til að skapa stöðugleika á vinnumarkaði.

Starfsmannalögin tryggja félagsmönnum stéttarfélaga innan samtaka opinberra starfsmanna ýmis réttindi, sem þeir hafa áunnið sér með starfi í þjónustu ríkisins. Sem dæmi má nefna starfsöryggið en það er mun meira en almennt gerist á vinnumarkaði. Að mati ASÍ eru ýmis þessara réttinda áunnin í þeim skilningi að þau verða ekki skert með lögum án bóta.

Fjölmörg ákvæði frumvarpsins gefa tilefni til alvarlegra athugasemda en hér verður látið nægja að fjalla um þá stórhættulegu hugmynd frumvarpsins að fela forstöðumönnum stofnana ríkisins alræðisvald um kjaramál starfsmanna sinna.

Sú hugmynd frumvarpsins að auka völd forstöðumanna stofnana ríkisins varðandi kjör einstakra starfsmanna er að mati ASÍ óþolandi aðför að rétti verkafólks til að semja sameiginlega um sín kjaramál. Það verður ekki látið óátalið að með slíkum aðferðum verði ráðið ráðum um starfskjör félagsmanna aðildarfélaga ASÍ og áskilja samtökin sér allan rétt til þess að ná fram leiðréttingu sinna mála eða umbjóðenda sinna ef að lögum verður.

Núverandi ástand varðandi kjaraákvæðanir hjá hinu opinbera er raunar fráleitt til fyrirmyndar en hið sama má reyndar segja um einstaka hluta almenna markaðarins. Launakerfi opinberra starfsmanna er í raun afar gallað. Launaflokkatöflur opinberra starfsmanna gefa í mörgum tilvikum mjög ófullkomna mynd af raunverulegum heildarkjörum. Við þau laun sem fram koma í töflunum þarf að bæta ýmsum greiðslum sem sumir ríkisstarfsmenn njóta, einkum þeir sem hæstu launin hafa. Sem dæmi um þetta má nefna óunna yfirvinnu sem í vissum tilfellum getur svarað til verulegs hluta mánaðarlauna fyrir dagvinnu eftir launatöflu. Mörg fleiri dæmi mætti nefna um þetta, launuð aukastörf, launuð nefndarstörf og margt fleira. Þau dæmi sem hér eru tilfærð eiga ekki við um kjör opinberra starfsmanna almennt en eru hins vegar býsna algengur hluti af raunverulegum kjörum hinna betur settu meðal opinberra starfsmanna.

Það er skoðun ASÍ að launakerfi opinberra starfsmanna þarfnist gagngerra lagfæringa. Raunar er að mörgu leyti sama að segja um launakerfið á almenna markaðinum. Slíkar lagfæringar verða ekki gerðar með því að færa forstöðumönnum stofnana hins opinbera eitthvert alræðisvald. Sú aðferð sem oft er kennd við Nýja-Sjáland er alræmd og víða þekkt. Slík aðferð er ósiðleg, alveg sérstaklega þegar í hlut eiga opinberir aðilar. Þeir sem harðast verða úti í slíku kerfi eru þeir sem höllustum fæti standa. Það eru hinir lægst launuðu sem munu verða harðast fyrir barðinu á þessari nýju vildarvinastefnu. Það er viðbúið að konur muni almennt bera skarðan hlut frá borði með slíkum kjaraákvörðunum.

Allur samanburður forstöðumanna opinberra stofnana við forráðamenn einkafyrirtækja lýsir í raun skilningsleysi ef ekki ósiðlegu viðhorfi til hlutverks og stöðu hins opinbera. Með slíkum samanburði er vísvitandi verið að rugla fólk í ríminu. Látið er að því liggja að ásættanlegt sé að forstöðumenn embætta fari með fjármuni hins opinbera, þ.e. fjármuni almennings með viðlíka frjálslegum hætti og framkvæmdastjóri einkafyrirtækis má gera. Slíkur samanburður er fjarstæða. Í raun er hér um að ræða hugsun sem er afsprengi öfgafyllstu einkavæðingarhugmyndanna sem fram hafa komið á síðari árum. Með því að taka upp kerfi launaákvæðana eins og það sem frumvarpið leggur til er stefnt að því að lama samtakamátt starfsmanna og koma í veg fyrir að eitthvert gagn verði af kjarabaráttu á sameiginlegum vettvangi. Frumvarpið er að þessu leyti bein og grímulaus árás á verkalýðshreyfinguna.

Með hugmyndum af þessum toga er farið þvert á þá þróun í átt til opinnar og sanngjarnrar stjórnsýslu sem löggjafinn hefur verið að feta sig út á að undanfögnu. Með samþykkt þessa frumvarps væri gengið gegn þeim hugsjónum um jafnræði og nútímalega stjórnsýsluhætti sem stjórnvöld þykjast vilja innleiða í hið ófullkomna stjórnsýslukerfi sem þjóðin hefur búið við. Þess finnast dæmi í íslenskri stjórnsýslu að forstöðumenn stofnana hafi haft í þjónustu sinni nán ættmenni sín. Verði hugmyndir um aukin völd forstöðumanna til kjaraákvæðana að veruleika yrði þessi ágalli íslenskrar stjórnsýslu enn alvarlegri en áður.

Miðstjórn ASÍ mótmælir harðlega þeim hugmyndum sem frumvarpið boðar varðandi kjarastefnu og ákvæðanir um kjaramál. Um slík mál á að fjalla í kjarasamningum og eina leiðin til að eitthvert vit og sanngirni verði í ákvæðunum um kjaramál opinberra starfsmanna er sú að launakerfið verði allt uppi á borðinu og um það samið í kjarasamningum við stéttarfélög þeirra sem starfa hjá ríkinu.

Miðstjórn ASÍ ætlast til þess af Alþingi að frumvarpið um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins verði ekki að lögum í því formi sem það nú liggur fyrir þinginu. Miðstjórnin væntir þess að á næstu mánuðum verði þetta mál til umræðu, ásamt þeim öðrum frumvörpum og hugmyndum sem fram hafa komið um réttarstöðu launafólks á Íslandi, á sameiginlegum vettvangi ríkisvalds, verkafólksshreyfingar og samtaka atvinnurekenda. Samráð á slíkum vettvangi er eina aðferðin sem einhver von er til að leiði til samkomulags um niðurstöður sem til farsældar horfa.

f.h. miðstjórnar
Alþýðusambands Íslands



Benedikt Davíðsson